

Samráðsfundur

Dags: 8. maí 2009, Varmahlíð

Aðili: Hestaport og www.rafting.is

Gestir: Magnús Sigmundsson

Frá verkefnisstjórn: Svanfríður, Elín og Tómas.

1. Hittum Magnús, sem er frumkvöðull að flúðasiglingum Jökulsáa Skagafjarðar, í höfuðstöðvum fyrirtækisins, Hestaport, við Varmahlíð. Um var að ræða óformlegt spjall yfir kaffibolla og Magnús sýndi okkur aðstöðuna.
2. Magnús hefur ásamt samstarfsfólki sínu byggt upp ferðaþjónustufyrirtæki sitt sem skilgreint er sem „activity tours“ sl. 25 ár en síðustu 15 ár hefur áherslan færst yfir á flúðasiglingar. Viðskiptavinir hans á því sviði eru um 5000 á ári (maí-sept) en annar aðili í héraði hefur um 1500 viðskiptavinir til viðbótar.
3. Magnús sagði m.a.: „Menn eiga að hugsa sig mjög vel um áður en þeir virkja í Skagafirði.“
4. Hann hafi með ærnu erfiði og „dýrum lánum“ byggt upp „klassaþjónustu“ og þeir sem til þekki telji að hér sé um að ræða eitt besta „rafting“-svæði í Evrópu. Þeir geti boðið upp á flúðasiglingar við allra hæfi: Blanda væri fyrir alla, Vestari Jökulsá væri góð blanda og byði upp á meiri ævintýr en Austari Jökulsá væri fyrir þá fífldjörfu og þjálfuðu
5. Hann taldi í fljótu bragði að ný áform LV og Héraðsvatna um eina virkjun við Skatastaði vera „dauðadóm“ yfir fljótasiglingum. Hann taldi að til að Austari Jökulsá héldi stöðu sinni á því sviði þyrfti rennsli að vera 100-120 m³.